

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1942.

*Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942, undirskrifað af ríkisstjóra 5. nóvember 1942, nr. 96.*

*Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra 15. desember 1942, nr. 97.*

*Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 16. desember 1942, nr. 98.*

*Lög um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum, undirskrifuð af ríkisstjóra 19. desember 1942, nr. 99.*

*Auglýsing ríkisstjóra Íslands um bann gegn verðhækkun, undirskrifuð af ríkisstjóra 19. desember 1942, nr. 100.*

*Ríkisstjóraúrskurður um breyting á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 22. desember 1942, nr. 101.*

*Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 28. desember 1942, nr. 102.*

*Lög um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 103.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 104.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 105.*

### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 58. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um myrkvun íslenzkra skipa í Reykjavíkurhöfn. 170

20. okt.

Brezka sjóliðið hefur ákveðið, að íslenzk skip í Reykjavíkurhöfn eða í nágrenni Reykjavíkur, skuli myrkvuð samkvæmt neðangreindum reglum:

1. Íslenzk skip, stödd á ytri höfninni eða á akkerislegum í nágrenni Reykjavíkur, skulu framvegis vera myrkvuð frá sólarlagi til sólaruppkomu, svo sem hér segir:
2. Skip, sem liggja við akkeri, mega aðeins hafa uppi dauf akkerisljós, byrgð að ofan, og skulu þau slökkt, ef gefið er hættumerki með rauðu ljósi.
3. Skip, sem eru laus, eiga að hafa uppi siglingaljósinn, en þau skulu slökkt ef til loftárásar kemur.
4. Engar hömlur eru lagðar á notkun ljósa á skipum í innri höfninni, en skip þessi skal almyrkva jafnskjótt og gefin eru hættumerki fyrir almenning í Reykjavík.

### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 59. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um fyrirmæli hernaðaryfirvaldanna til íslenzkra skipa á hafi úti, sem verða hernaðaraðgerða vör. 171

28. okt.

Hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt til varúðar að setja reglur því til varnar, að íslenzk skip, sem stödd eru úti fyrir ströndum Íslands eða í íslenzkum

**171** höfnum, yrðu fyrir árásum, ef til hernaðaraðgerða kæmi milli ófriðaraðilja á sjó í 28. okt. námunda við strendur landsins.

Öll skip, þar á meðal litlir mótorbátar, sem ganga til fiskveiða, eru aðvöruð um, ef þau verða vör við hernaðaraðgerðir í nálægð sinni, hvort heldur skipsmenn sjá þessar aðgerðir eða verða þeirra áskynja með loftskeytatækjum sínum eða á annan hátt, þá verða þau að hegða sér eins og hér segir:

Skip í höfnum skulu halda kyrru fyrir og bíða fyrirskipana frá brezkum eða amerískum flotayfirvöldum á staðnum eða amerískum heryfirvöldum.

Skip, sem eru á sjó, verða að gera eitt af þrennu:

- a. sigla út á haf, svo að þau séu úr auglýsingu frá landi;
- b. kasta akkerum;
- c. nema staðar og stefna skipinu frá landi.

Aðvörun mun verða tilkynnt, ef hægt er, með fyrirskipuninni „Stand still“ (verið kyrrir).

Sérhvertt skip, sem nálgast land eftir slíka aðvörun, mun verða skoðað sem óvina-skip og verður ráðist á það.

**172** Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 60. tbl. Lögbirtingablaðsins, 31. okt. um að brezka sjóliðið banni skipum að leggjast fyrir akkerum á takmörkuðu svæði á ytri höfninni í Reykjavík.

Brezka sjóliðið telur nauðsynlegt að banna skipum að leggjast fyrir akkerum á neðangreindu svæði á ytri höfninni í Reykjavík (sbr. 3. gr. siglingareglna fyrir Reykjavíkurhöfn, sem birtar eru í 1. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1942):

Svæði þetta takmarkast að norðan og sunnan af tveim línunum, sem hugsast dregnar frá vitanum á Faxagarði í 053° og 080° stefnur gegnum grænu og rauðu innsiglingavitana á hafnargörðunum, en að austan af eystri takmörkum hvíta ljóssins í Vatnsgeymisvitanum.

**173** Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 64. tbl. Lögbirtingablaðsins, 19. nóv. um fyrirmæli brezku flotastjórnarinnar varðandi endurnýjun ferðaskírteina skipa.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. desember 1942, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.